

**Ed.**

**158. Frumvarp til laga**

**[153. mál]**

um breyting á lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984.)

1. gr.

Aftan við 1. málslíð ákvæða til bráðabirgða komi nýr málslíður, sem orðist svo:

Í Reykjavíkurlæknishéraði og heilsugæsluumdæmum í Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði skal frestur þessi standa til ársloka 1985.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**A t h u g a s e m d i r v i ð l a g a f r u m v a r p þ e t t a .**

Í ákvæðum til bráðabirgða í lögum nr. 56/1973, um heilbrigðisþjónustu, var auk annars kveðið á um, að heilsuverndarstarf samkvæmt lögum nr. 44/1955 skyldi haldast óbreytt, þar til heilsugæslustöðvar hefðu verið skipulagðar til þess að annast það. Enginn tímafrestur var settur til þeirrar skipulagningar.

Við endurskoðun heilbrigðisþjónustulaga á árunum 1977 og 1978, sbr. lög nr. 57/1978, var ekki hróflað við þessu ákvæði, en það var hins vegar gert við síðustu endurskoðun laganna, sem stóð yfir seinni hluta ársins 1982, sbr. lög nr. 40/1983, en áður nefnd tvö lög voru felld saman með lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu. Í ákvæðum til bráðabirgða er gefinn frestur til að koma á heilsugæslukerfi til næstkomandi áramóta. Var talið nauðsynlegt að rekið yrði eitt kerfi á þessum vettvangi í landinu og að ekki væri seinna vænna að koma því kerfi á, en það var upphaflega ákveðið með lögum fyrir rúmum áratug.

Síðastliðið vor komu forsvarsmenn sveitarstjórnarmála á höfuðborgarsvæðinu til fundar í ráðuneytinu til þess að ræða skipulagningu heilsugæslunnar á svæðinu með hliðsjón af áðurnefndum fresti. Á fundinum komu fram ýmis torkerfi varðandi skipulagninguna og raddir, sem töldu heilsugæslukerfið ekki eiga við á svæðinu.

Í framhaldi af áðurnefndum fundi ákvað ráðuneytið í samráði við sveitarstjórnir á höfuðborgarsvæðinu að setja á fót nefnd til þess að gera tillögur um skipan mála innan svæðisins og var nefndin skipuð 29. júní sl. Með bréfi, dags. 22. október sl., lýsir nefndin því yfir að vonlaust sé að leggja til fullmótaðar tillögur fyrr en í lok janúarmánaðar næstkomandi. Sé því nauðsynlegt að framlengja umræddan frest í ákvæðum til bráðabirgða, vegna þeirra heilsugæsluumdæma á höfuðborgarsvæðinu, sem ekki hafa þegar tekið upp heilsugæslukerfið að fullu, til 31. desember 1985. Fyrir því er frumvarp þetta fram komið.